

Ed.

511. Breytingartillaga

[259. mál]

við frv. til 1. um skattkerfisbreytingu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (JÁH).

Á eftir 7. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. 1. nr. 3/1970) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 11% — ellefu af hundraði — söluskatt og auk þess 3½% — þrjá og hálfan af hundraði — söluskattauka eftir því, sem nánar er ákveðið í lögum þessum.